



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

Árnes 16 júní 2017

### Lokaskýrsla Skeiða-og Gnúpverjahrepps til Samstarfsnefndar KÍ og SNS

#### Upphaf verkefnis.

Eftir að boð bárust frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga um að vinna skyli umbótaátælun var það kynnt og tekið til umræðu á fundi sveitarstjórnar 1 febrúar 2017. Var ákveðið að sveitarstjóri og formaður skólanefndar sveitarfélagsins Einar Bjarnason myndu fara með stjórnun og vinnslu verkefnisins. Þeir tveir áttu fund með oddvita og skólastjóra um verkefnið 13. febrúar. Var þar farið yfir helstu þætti verkefnisins. Meginmarkið verkefnisins voru að bæta framkvæmd skólastarfs, ná sátt við kennara um starfsumhverfið, tryggja að kennsla og undirbúningur verði í forgangi í skólastarfinu og ekki síst að léttá álagi af kennurum ef þörf reynist vera á því. Samþykkt var að óska eftir að allir kennrarar við Þjórsárskóla myndu koma að verkefninu með samtölum og upplýsingagjöf. Var kennurunum, hverjum og einum sent bréf af þessu tilefni dags. 11.02.17 (fylgiskjal 1)

#### Fundur með kennurum og skólastjóra Þjórsárskóla 15 febrúar.

Mættir til fundar af hálfu Skeiða- og Gnúpverjahrepps : Einar Bjarnason formaður Skólanefndar. Skafti Bjarnason oddviti og Kristófer Tómasson sveitarstjóri. Kennrarar Þjórsárskóla : Árdís Jónsdóttir, Bente Hansen, Hafdís Hafsteinsdóttir, Kjartan Ágústsson og Kristín Gísladóttir. Auk þess sat fundinn Bolette Höeg Koch skólastjóri.

Formaður skólanefndar kynnti fundarmönnum það umbótaferli sem um ræðið í verkefninu. Hann fór yfir það ferli sem lagt var fram um verkefnið. Þeim var kynnt að hver og einn kennari við skólann yrði boðaður í perósnulegt viðtal með fulltrúum sveitarfélagsins. Niðurstöður yrðu kynntar á vormánuðum. Formaðurinn greindi einnig frá greiningaraðferð sem ákveðið að nota verði við umrætt umbótaferli. Svokölluð Pip – Greining. Þar eru þátttakendur, beðnir um hver um sig, að nefna atriði sem bæta þarf í skólastarfinu og það sem vel er gert. Í framhaldi tilgreindu kennrarar 31 atriði í því sambandi. Vísast að öðru leyti til fundargerðar frá 15.02.17.(fylgiskjal. 2)

#### Viðtöl við kennara og leiðbeinendur Þjórsárskóla.

Við Þjórsárskóla störfuðu á nýliðnum vetir fimm kennrarar með full réttindi. Auk þess störfuðu þar tveir leiðbeinendur. Var ákveðið að ræða við þá einig. Formaður skólanefndar og sveitarstjóri tóku öll viðtölin og var oddviti auk þess viðstaddir tvö þeirra. Lagt var upp með að viðtölin tækju að hámarki 40 mínútur. Í viðtalinu voru lagðar fram sjö spurningar (fylgiskjal. 3) og gefið færi að bæta við öðru frá eigin brjósti. Var það mat formanns og sveitarstjóra að viðmót kennara og leiðbeinenda væri á heildina litið jákvætt. Engu að síður kom fram gagnrýni á vissa þætti. Eftирgreind atriði komu oftast fyrir í máli kennara og leiðbeinenda í viðtölunum. 1.Of mikil samkennsla. 2. Mikið vinnuálag á kennara. 3. Þróng vinnuaðstöðu kennara. 4. Slæm aðstaða fyrir trúnaðarsamtöl. 5. Aðstæður utan skólahúsnaðis.

Samþykkt hefur verið að bregðast við ofangreindum atriðum með því að bæta við einu stöðugildi í kennslu, auka rými fyrir kennslu, bæta aðstöðu til trúnaðarsamtala og lagfæringum utanhúss. Lögð verður áhersla á að þessum úrbótum veðri lokið fyrir upphaf skóla síðumars 2017.



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

Nánast samhljómur var um fyrstu þrjú atriðin. Fimm atriði til viðbótar voru oft nefnd. Verður leyast við að meta þau í samráði við starfsmenn skólans á næsta skólaári. Vísast að öðru leyti til Umbótaáætlunar (fylgiskjal. 4)

### Helstu niðurstöður :

Framkvæmd vinnumats/starfsmats. Það vekur nokkra athygli að nokkrir viðmælendanna töldu sig ekki hafa fengið kynningu á því. Það samsræmist ekki því sem skólastjóri heldur fram. Sveitarstjóri og formaður skólanefndar telja að þar sé um ákveðinn misskilning að ræða. Þeir meta það svo að úr því hafi verið að mestu bætt með samtölum.

Hvernig tókst til ? Vinnan við Vegvísinn tókst vel til að mati sveitarstjóra og skólanefndarformanns. Góður samstarfsvilji þeirra sem áttu í hlut var gegnum gangandi í verkefninu, sem og mikill vilji til að ná fram úrbótum með verkefninu. Þar sem hóðurinn var samakominn hefði ef til vill mátt vera meira jöfnun milli fólks í umræðum.

Fram til þessa hefur ekki verið næjganlegt sátt um vinnumuhverfið eins og áður er rakið. Einkennist það einkum af of miklu álagi og samkennslu. Með þeim úrbótum sem ákveðið hefur verið að ráðast í er það mat undirritaðra að góðar líkur séu á að sátt muni ríkja um það.

Virðingarfallst fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps

  
Sveitarstjóri  
Skeiða- og  
Gnúpverjahreppur

Kristófer Tómasson sveitarstjóri



Árnesi 11 febrúar 2017

## Fylgiskjal 1.

### Til kennara í Þjórsárskóla

Eins og kunnugt er voru gerðar breytingar á starfsumhverfi kennara í kjarasamningum sem gerðir voru árið 2014 með innleiðingu starfsmats í grunnskólum. Hverju og einu sveitarfélagi er falið að fara yfir framkvæmd innleiðingarinnar ásamt fulltrúrum kennara í hverjum skóla. Markmiðið með því er að leitast við að bæta framkvæmd innleiðingarinnar og ná sátt um starfsumhverfið. Tryggja að kennsla og undirbúningur hennar séu forgangs-verkefni í skólastarfi. Ekki síður að létta álagi af kennurum þar sem við á. Skal leitast við að samræming verði milli allra grunnskóla í verkefninu.

Fyrsta skrefið í verkefninu hefur þegar verið tekið. Með því að ákveða að formaður ásamt oddvita og sveitarstjóra muni leiða það fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Auk þess hefur verið ákveðið að óska eftir að allir faglærðir starfandi kennrarar við skólann muni taka þátt í verkefninu auk skólastjóra.

Meginskref í verkefninu verða eftirfarandi :

- 13 febrúar : Fundur með fulltrúum sveitarfélagsins og skólastjóra.
- 15 febrúar : Kennrarar boðaðir til kynningarfundar í Árnesi kl 15:00.
- 20-24 febrúar hver og einn kennari Þjórsárskóla boðaður í viðtal með fulltrúum sveitarfélagsins í verkefninu.
- Eigi síðar en 1. maí 2017. Niðurstöður og umbótaáætlun kynnt í skólanum
  - Eigi síðar en 1. júní 2017. Umbótaáætlunum skilað til samstarfsnefndar



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

- Eigi síðar en 1. júní 2017. Lokaskýrslu sveitarfélags skilað til samstarfsnefndar
- Samstarfsnefnd birtir samantekt á helstu niðurstöðum eigi síðar en 15. september 2017.

Hér með óska undirritaðir fyrir hönd Skeiða – og Gnúpverjahrepps eftir þátttöku þinni í ofangreindu verkefni og er hér með boðað til fundar í Árnesi flísasal miðvikudag 15 febrúar nk. kl 15:00.

Hver og einn kennari verður boðaður til persónulegs viðtals í vikunni 20-24 febrúar nk. Nánar tilkynnt síðar. Ef til kemur vinnu umfram dagvinnu/ starfshlutfalls verður greitt fyrir það.

Með vinsemð

---

Einar Bjarnason form. Skólanefndar

---

Skafti Bjarnason oddviti

---

Kristófer Tómasson sveitarstjóri



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

Árnesi 15.02.2017

Fylgiskjal 2.

### **Fundur stjórnenda Skeiða- og Gnúpverjahrepps með kennurum Þjórsárskóla.**

Haldinn í Flísasal Árnesi. Miðvikudagur 15 febrúar 2017. Kl 14:45.

Mætt til fundar. Af hálfu Skeiða- og Gnúpverjahrepps: Einar Bjarnason formaður Skólanefndar. Skafti Bjarnason oddviti og Kristófer Tómasson sveitarstjóri. Kennrarar Þjórsárskóla : Árdís Jónsdóttir, Bente Hansen, Hafdís Hafsteinsdóttir, Kjartan Ágústsson og Kristín Gísladóttir. Auk þess sat fundinn Bolette Höeg Koch skólastjóri.

1. Einar Bjarnason setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Hann kynnti tilefni fundarins. Það er umbótaferli sem hefur hlotið nafnið Vegvísir. Með kjarasamningum um kjör kennara sem gerðir voru árið 2014 var innleitt starfsmat í grunnskólum. Er það mat aðila ekki hafi náðst sátt um starfsumhverfið meðal hlutaðeigandi aðila. Með Vegvísí er hverju og einu sveitarfélagi falið að fara yfir innleiðingu starfsmatsins í þeim tilgangi að ná sátt um starfsumhverfið.
2. Einar fór yfir þau skref sem lögð eru fram um verkefnið. Þegar hefur verið ákveðið að formaður skólanefndar, oddviti og sveitarstjóri verði fulltrúar verkefnisins fyrir hönd sveitarfélagsins. Skrefin er eftirtalin.

A.13. febrúar : Fundur með fulltrúum sveitarfélagsins og skólastjóra.

B.15. febrúar : Kennrarar boðaðir til kynningarfundar umverkefnið.

C.20-24 febrúar hver og einn kennari Þjórsárskóla boðaður í viðtal með fulltrúum sveitarfélagsins í verkefninu.

D.Eigi síðar en 1. maí 2017. Niðurstöður og umbótaáætlun kynnt í skólanum

E.Eigi síðar en 1. júní 2017. Umbótaáætlunum skilað til samstarfsnefndar

3.Kristófer fór yfir kynningarglærur um áherslur í verkefninu sem gefnar voru út af Samþandi Íslenskra sveitarfélaga.

4. Einar greindi frá greiningaraðferð sem ákveðið hefur verið að stjórnendur sveitarfélagsins leggið til að notuð verði við umrætt umbótaferli. Svokölluð Pip – Greining. Þar eru þátttakendur, í þessu tilfelli kennrarar Þjórsárskóla beðnir um



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

hver um sig, að nefna atriði sem bæta þarf í skólastarfinu og það sem vel er gert.

5. Kennrar tilgreindu neðangreind atriði í greiningunni.
1. Efla skolasamfélagið sem heild og auka virðingu fyrir því sem verið að gera í skólanum. Allir í skolasamféluginu séu meðvitaðri um það starf sem fram sem fer í skólanum og tali vel um hann.
2. Byggja áfram á þeim úttektum. Svo sem ytra mati.
3. Of mikil samkennsla. I
4. Of mikil miðstýring.
5. Undirbúningstími umsjónarkennara of lítill.
6. Skilgreining vinnumats er óljós.
7. Efla kennslu með fjölbreyttum kennsluaðferðum.
8. Of mörg þróunarverkefni.
9. Of stórir hópar í verklegri kennslu.
10. Tækifæri í endurmenntun.
11. Skortur á tíma til að sinna einstaklingsmiðuðu námi. I
12. Meira og skilvirkara samstarfs við foreldra.
13. Of fáir sundtímar í Brautarholti.
14. Bæta upplýsingaflæði innan skólans.
15. Of lítill stuðningur við nemendur í kennslustundum.
16. Öflugara foreldrafélag, vantar tengingu við skólastarfið.
17. Halda ekki aftur af góðum nemendum.
18. Skortur á sveigjanleika varðandi viðveru.
19. Truflun vegna utanaðkomandi áreiti. Til dæmis vegna tónlistarnáms.
20. Skortur á aðstöðu fyrir trúnaðarsamtöl.
21. Forgangsröðun þróunarverkefnum tímanlega.
22. Efla áfram „lestur og læsi“
23. Dagskrá kennarafunda sé aðgengilegri.
24. Skortur á vinnurými fyrir kennslugögn í vinnurými kennara.
25. Vekja athygli á því sem vel gengur í starfsmannahópnum.
26. Hlúa betur að þeim sem eiga á brattan að sækja í námi.
27. Auka miðlun milli starfsmanna- Stofugangur.
28. Auka samstarf við aðra skóla, svo sem Flúðaskóla.
29. Bæta fundarstjórn á kennarafundum.
30. Bæta bílastæði, svo sem lýsingu.



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

Árnes 22 febrúar 2017.

### Fylgiskjal 3.

Kennrarar Þjórsárskóla.

Viðtal milli fulltrúa sveitarfélagsins og einstakra kennara Þjórsárskóla er varðar umbótaferli vegna starfsmats. Lengd viðtals allt að 40 mínútur.

1. Finnst þér að taka ætti fyrir fleiri umbótaverkefni en það sem varða starfsmat? Ef svo er, hvaða fjögur atriði af þeim sem fram komu sl. miðvikudag finnst þér að mikilvægast væri að taka til skoðunar?
2. Skoðun þín á starfsmati?
3. Vinnuálag í þínu starfi.
4. Hlutfall þess tíma sem fer í kennslu annars vegar og skýrslugerð og annað hins vegar.
5. Vinnuumhverfið.
6. Annað sem betur má fara.
7. Hvað er vel gert?

Lagt fram af Einari Bjarnasyni formanni skólanefndar, Kristófer Tómassyni sveitarstjóra og Skafta Bjarnasyni oddvita.



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

Fylgiskjal 4.

Árnes 31. Maí 2017

### Umbótaáætlun Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna bókunar 1 í kjarasamningi FG og SNS“

Bókun :

Í kjarasamningum 2014 voru gerðar breytingar á starfsumhverfi kennara og vinnumat innleitt í grunnskólum. Samningsaðilar eru sammála um að framkvæmd breytinganna hafi ekki tekist sem skyldi í mörgum grunnskólum og því verði hverju sveitarfélagi falið að fara yfir framkvæmdina ásamt fulltrúum kennara í hverjum skóla. Markmið slíkrar vinnu er að bæta framkvæmdina þar sem þörf er á og ná sátt um starfsumhverfið. Beina skal sjónum að innra starfi skóla og þeim verkefnum sem grunnskólinn sinnir, tryggja að kennsla og undirbúningur séu forgangsverkefni í skólastarfi og léttu álagi af kennurum þar sem við á. Verkefnið skal unnið á samningstímanum í samræmi við vegvísí að aðgerðaráætlun sem samstarfsnefnd aðila mun leggja fram í janúar 2017.

Samstarfsnefnd aðila tekur saman niðurstöður þessarar vinnu fyrir lok samningstímans.

Sveitarfélagini var falið að greina breytingar á starsumhverfi kennara sem fylgdu kjarasamningi sem gerður var árið 2014.

Meginmarkmið voru eftirfarandi :

Bæta framkvæmd skólastarfs og ná sátt við kennara um starfsumhverfið.

- Tryggja að kennsla og undirbúningur hennar séu forgangsverkefni í skólastarfi.
- Léttu álagi af kennurum þar sem við á.
- Lagt var upp með að verkefnið væri unnið samkvæmt aðgerðaráætlun. Niðurstöður skuli nýta til að gera umbætur á framkvæmd skólastarfs innan ramma gildandi kjarasamnings.

Þann 15 febrúar sl. héldu formaður skólanefndar, sveitarstjóri og oddviti sveitarfélagsins fund um viðfangsefnið með kennara og skólastjóra í Þjórsáskóla. Síðari hluta febrúar og fyrrihluta mars tóku formaður skólanefndar og sveitarstjóri viðtöl við alla kennara og leiðbeinendur við skólann.



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

Pörf fyrir útbætur :

Niðurstöður formanns skólanefndar og sveitarstjóra eftir samtöl og rýni aðstæður eru eftirfarandi :

Ráðist verður atriði 1-5 strax.

1. Samkennsla of mikil

Leið til úrbóta : Dregið úr samkennslu með því að bæta við stöðugildi í kennslu

2. Vinnuálag á kennara of mikið, einkum umsjónarkennara. Þar með talið er að undirbúningstími þeirra sé of líttill.

Leið til úrbóta : Bætt við stöðugildi í kennslu

3. Persónuleg vinnuaðstaða of þróng.

Leið til úrbóta : Aðstaða verður bætt með auknu rými fyrir upphaf kennslu haustið 2017.

4. Aðstaða fyrir trúnaðarsamtöl slæm.

Leið til úrbóta : Útbúin verði aðstaða til trúnaðarsamtala fyrir upphaf kennslu haustið 2017.

5. Aðstæður utanhúss. Bílastæði of lítið, lýsing léleg.

Leið til útbóta : Sumarið 2017 verður ráðist í stækkun bílastæðis kennara og lýsing bætt.

Önnur atrið sem verða metin í samráði við skólastjóra, kennara og aðra starfmenn skólans

6. Fyrirkomulag kennarafunda.

7. Símenntun

8. Upplýsingaflæði innan skólans og frá skrifstofu sveitarfélagsins

9. Stuðningur við nemendur

10. Vekja aukna athygli á því sem vel gengur.

Virðingarfyllst Sveitarstjóri  
Skeiða- og  
Gnúpverjahreppur

Kristófer Tómasson sveitarstjóri